



Hvað ætti þessi bleðill að heita?

-ef þú lumar á góðri hugmynd, má senda hana á netfangið hronn@skeidgnup.is



Fréttir frá Þjórsárskóla

Samvinnuverkefni

Oft er líf og fjör á skólalóðinni. Margir skemmtilegir leikir í gangi. Einn af þeim leikjum sem þykja skemmtilegir á haustin er smalaleikur. Því þótti Lilju smíðakennara og Elínu útinámskennara tilvalið að búa til hest með nemendum úr efniviði úr skóginum.



Eins og sést á myndinni er klárinn fangreistur og vel hægt að fjölmenna á hann.

Náttúrufræði 1. – 4. bekkur

Á miðvikudögum vinnum við í blönduðum hópum í 1.- 4.bekk. Áherslan hjá okkur hefur verið á umhverfið, sjálfbærni og vistheimt. Við byrjum yfirleitt á göngutúr þar sem við skoðum okkur um. Við skoðum plöntur, tré, fugla, veðrið, áttir og margt fleira. Við söfnuðum plöntum og laufum í haust sem við erum búin að þurrka, fórum út að grisja tré, nýttum greinarnar í jólaföndur og sem eldivið. Núna höldum við áfram og skoðum meira um fugla, sérkenni þeirra og fæðu og söfnum myndum af þeim fuglum sem eru í umhverfi okkar. Við ætlum, að búa til öruggan stað á skólalóðinni fyrir fuglana til að borða á og búa til fuglafóður.

Kynning frá Tónlistarskóla Árnesinga í 1. og 2. bekk

Við fengum skemmtilega heimsókn í janúar. Það voru þeir Vignir Ólafsson og Stefán Þórhallsson, kennarar tónlistarskólans sem komu til okkar með gítara og trommur, sögðu frá hljóðfærunum og spiluðu nokkur lög. Fróðleg, lífleg og skemmtileg heimsókn.



Skólaheimsóknir

Yfir skólaárið kemur skólahópur leikskólans í reglulegar heimsóknir til 1.-2. bekkjar með kennaranum sínum. Unnið er með þema í þessum heimsóknum þar sem fléttuð er saman kennsla í mörgum námsgreinum. Lítið var um heimsóknir fyrir áramót vegna Covid en nú erum við farin af stað aftur.

Við erum að ljúka við þema um risaeðlur og eitt af þeim verkefnum sem nemendur gerðu var að búa til sína risaeðlu í smíði.



Hér eru nokkrar risaeðlur frá nemendum.

Kristín Gísladóttir



Skeiða og Gnúpverjahreppur hlýtur jafnlaunavottun

Það er ánægjulegt að segja frá því að í lok síðasta árs hlaut Skeiða- og Gnúpverjahreppur jafnlaunavottun. Jafnlaunavottun er staðfesting á því að sveitarfélagið hefur innleitt verkferli í samræmi við jafnlaunastaðal IST:85:2012, sem tryggir að ákvarðanir og málsmeðferð í ákvörðunum launa séu byggðar á málefnalegum sjónarmiðum sem feli ekki í sér kynbundna mismunun. Meginmarkmið jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði.

Vinna við jafnlaunvottunina hófst í upphafi síðasta árs og unnu sveitarfélögin, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur saman í þeirri undirbúningsvinnu og var fenginn ráðgjafi frá Strategíu til að leiða þá vinnu. Við launagreiningu í þeirri vinnu kom m.a. í ljós að hjá Skeiða- og Gnúpverjahreppi væri enginn óútskýrður kynbundinn launamunur.

Þann 18. nóvember fór svo fram lokaúttekt hjá Skeiða og Gnúpverjahreppi þar sem faggiltur úttektaraðili vottunarinnar frá BSI á Íslandi fór yfir jafnlaunakerfi sveitarfélagsins. Stóðst sveitarfélagið þá úttekt með sóma þar sem engin frábrigði fundust í verkferlum sveitarfélagsins. Úttektaraðilinn gat því mælt með vottun og barst formlegt skírteini um jafnlaunavottun þann 7. desember 2020. Heimild til að nota jafnlaunamerkið barst svo frá Jafnréttisstofu þann 21. desember s.l.

Sylvía Karen Heimisdóttir aðalbókari

Leikholtsfréttir í febrúar 2021

Þann 13. janúar síðastliðinn opnuðum við Leikskólann Leikholt í húsnæði sem tilheyrir Gistiheimilinu á Blesastöðum. Flutningarnir gengu hratt og vel fyrir sig. Margir komu að flutningunum eins og kvenfélagið, foreldrafélagið og fleiri góðir sjálfboðaliðar, við þökkum þeim kærlega fyrir hjálpinu.

Húsnæðið í Brautarholti reyndist eftir prófanir heilsuspillandi og ekki talið ráðlegt að vera þar áfram. Unnið er hratt og örugglega að framkvæmdum og viðgerðum á húsnæðinu og gengur allt samkvæmt áætlun enn sem komið er. Ef allt fer að óskum getum við flutt til baka um miðjan maí eða í sumar.

Börn og starfsmenn voru fljót að aðlagast nýjum húsakynnum á Blesastöðum og kynnst náttúrunni þar í kring, auðvitað misfljót eftir persónum. Okkur líður vel í húsnæðinu á Blesastöðum þrátt fyrir ýmsa annmarka og erum við þeim Hildi, Kristjáni, Hermanni og Ragnhildi mjög þakklát fyrir hlýjar móttökur og hraðar hendur við að hjálpa okkur að fá húsnæði.

Nú hefur leikskólinn komist í sína rútínu, allir byrjaðir í hópastarfi að æfa samskipti, hljóðin okkar með Lubba, fín- og grófhreyfingar, listsköpun, tónlist og margt fleira skemmtilegt og fræðandi.

Meðfylgjandi myndir eru af nýja sandkassanum á Blesastöðum, úr Lubbastund og af víkingaskipi sem Haukur og börnin smíðuðu úr timbri sem okkur var gefið.

Bestu kveðjur frá öllum í Leikholti á Blesastöðum
Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri



Brautarholt- leikskóli- félagsheimili. Lagfæringar vegna myglu.

Það er stórt og kostnaðarsamt verkefni sem staðið var frammi fyrir þegar ljóst var að mygla væri til staðar í húsnæði leikskólans. Framkvæmdum við endurbætur af þeim sökum miðar mjög vel. Þær eru undir stjórn Sigurðar Unnars verkfræðings í Skarði. Skömmu fyrir jól var tekið til við jarðvegsskipti sunnan við húsið og lauk þeim fyrir nokkru.

Ástandið vegna myglunnar var verst í því rými sem við köllum félagsrými; á neðri hæð í gamla matsal, kvenfélagsrými og eldhúsi. Þegar framkvæmdum lýkur er horft til þess að það svæði hússins fái nýtt hlutverk. Frá því verður greint síðar.

Í þeim hluta hússins sem auk þess hýsir ljósleiðararými hafa gólfefni, innréttingar og klæðningar verið fjarlægðar og rakaskemmdir úr veggjum verið fjarlægðar að mestu. Framundan er að slípa gólf. Gamlir ofnar og lagnir hafa verið fjarlægðar og nokkuð af lögnum verið endurnýjaðar. Hurðagöt hafa verið stækkuð og komið verður upp nýju salerni þar við. Fræstar verða hitalagnir í gólfið, að því búnu verður þrifið, sparslað og málað þar. Stefnt er að því að því ljúki eigi síðar en 15. mars nk. Gert er ráð fyrir að rýmið verði fullklárað í maí.

Í miðrýminu þurfti að fjarlægja skemmdar loftaplötur og þrifa trévirki í lofti og er því lokið. Unnið er að því að fjarlægja skemmd undir glugga í sal og gera við gluggann. Parket næst glugga þarf að fjarlægja og flísaleggja í staðinn. Teppi hefur verið fjarlæggt af stiga. Gert er ráð fyrir að lagfæringum á miðrými verði lokið um næstu mánaðamót. Fyrir utan teppalagningu, gluggaskipti og

lokahreinsun, er gert ráð fyrir að því öllu ljúki eigi síðar en í maí n.k.

Í suðvesturhluta hússins verður skipt um glugga á báðum hæðum vegna greinilegra mygluáhrifa og í norðausturhlutanum sem er í elsta hluta hússins hefur gólfefni verið fjarlæggt og gólf og veggir slípaðir. Þar

er gert ráð fyrir að ný gólfefni verði komin á sinn stað í lok mars.

Í deild eitt á annarri hæð hafa rakaskemmdir við glugga verið fjarlægðar og tréverk þrifið og málað. Gert er ráð fyrir að spörslun og málun þar verði lokið um næstu mánaðamót.

Samkvæmt áætlun verður hægt að fara í fyrri allsherjar þríf 15. mars nk. Þau verða endurtekin væntanlega í maí. En vonir standa til að húnsæðið verði tilbúið til notkunar á ný um miðjan maí næstkomandi ef allt gengur eftir.

Unnið upp úr minnisblaði frá Sigurði Unnari Sigurðssyni

Að reka sveitarfélag er eins og hvert annað verkefni.

-Pistill frá Sveitarstjóra

Íbúar gera kröfur um þjónustu og leggja þarf kapp á að uppfylla þær kröfur. Það kostar sitt og þeir fjármunir sem koma inn í sveitarsjóð eru notaðir til þess. Það gengur misjafnlega að ná endum saman í rekstri sem þessum. Aðstæður sveitarfélaga eru misjafnar þegar horft er til tekna og útgjalda. Kostnaður hér við málaflokka er mikill, þar má nefna að skólarnir okkar og sormál kosta meira á íbúa en víða annarsstaðar. Ég vona að upplifun íbúa sé sú að þjónusta sveitarfélagsins sé góð. Sveitarfélagið á miklar fasteignir sem dýrt er að reka. Innan skamms mun skýrast með ársreikningi 2020 hvernig afkomuniðurstaðan lítur út en óvissa er enn um ýmsa þætti. Ekki er að vænta blómlegrar afkomu. Meðaltalið af afkomunni síðasta áratuginn eða svo hefur að mínu mati ekki verið slæmt. En þar sýnist sitt hverjum. Það sem af er árinu 2021 hefur verið þungt, eins og hár yfirdráttur gefur til kynna. En ekki er ástæða til að láta hendur fallast og leggjast í svartnætti. Margt gæti verið mun verra, er það ekki?

Rekstrarþættir eru til skoðunar með hagræðingu í huga. Það sem þegar hefur verið gert í því skyni er niðurlagning stöðu forstöðumanns í þjónustustöð. Fækkun um hálf stöðugildi á skrifstofu. Breyting á útgáfu fréttabréfs, niðurlagning eða í öllu falli breyting á rekstri bókasafns. Sá sem þetta ritar lagði til að sett yrðu á gjöld í leikskóla, en ekki er útlit fyrir að af því verði, einnig lagði hann til lokun Skeiðalaugar. Fasteignagjöld í A flokki hækkuðu úr 0,40% í 0,45%.

Rólega verður farið í framkvæmdir á þessu nýbyrjaða ári. En eins og kunnugt er varð ekki hjá því komist að leggja í dýrar lagfæringar á leikskólahúsnæðinu. Á síðustu árum hafa miklar

framkvæmdir átt sér stað í sveitarfélaginu. Undirritaður er sannfærður um að þær hafi verið til mikilla bóta og aukið verðmæti eigna og þar með samfélagsins. Þar nefni ég ekki síst gatnagerðina, fráveitumannvirki og ýmsar lagfæringar á fasteignum. Þessar framkvæmdir urðu dýrar og enn sem komið er hefur mjög lítið fengist upp í þær með gjöldum. Það reynir á pyngju sveitarsjóðs. Eins og gerist hafa þessar framkvæmdir verið umdeildar.

Kovid faraldurinn hefur ekki verið auðveldur, það sér fyrir endann á honum ef að líkum lætur. Hér höfum við farið blessunarlega vel út úr þeim áhrifum. Ekki verður þó lítið fram hjá því að starfsfólk sveitarfélagsins einkum í skóla og leikskóla hefur fundið vel fyrir auknu vinnuálagi af sökum veirunnar. Það hefur staðið sig vel og vil ég færa þeim þakkir fyrir góða frammistöðu. Starfsfólk leikskóla hefur auk þess ekki verið öfundsvert þar sem við veirúáhrifin bættist margumtöluð mygla og flutningar á starfseminni af þeim sökum. Það er full ástæða til að færa þeim sem þar eiga í hlut þakkir.

Þegar þetta er ritað er fádæma útmánaðablíða og vona ég að það sé vísbending um að allt fari uppá við á þessu ágæta ári 2021.

Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri



Þann 16. febrúar sl. Afhenti smíðafyrirtækið HÓ ehf. í eigu Hörpu Dísar Harðardóttur og Ólafs Leifssonar, Sveitarfélaginu glæsilega íbúð við Vallarbraut 9b í Brautarholti. Myndin er tekin við þetta tækifæri og á henni eru Haraldur Jónsson starfsmaður HÓ ehf, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri og Ólafur Leifsson yfirmsiður.

Útlit er fyrir að íbúðin sé nú þegar seld frá Sveitarfélaginu.

Algengar spurningar og svör um bólusetningu við Covid-19 -tekið af vef Landlæknis:

Af hverju bólusetjum við gegn COVID-19?

- Til að lágmarka dauðsföll og alvarleg veikindi vegna COVID-19. Þess vegna er mikilvægt að bólusetja þá sem eru í mestri hættu á alvarlegum COVID-19 sýkingum sem fyrst, meðan framboð bóluefnis er takmarkað.
- Til að draga úr áhrifum faraldursins á samfélagslega ómissandi starfsemi, sérstaklega þar sem áhrifa COVID-19 gætir mest, s.s. í heilbrigðiskerfinu. Þess vegna er mikilvægt að bólusetja þá sem sinna slíkri starfsemi sem fyrst, meðan framboð bóluefnis er takmarkað.
- Til að lágmarka útbreiðslu smits í þjóðfélaginu með því að skapa víðtækt ónæmi í samfélaginu. Þess vegna er það markmið yfirvalda á Íslandi að allir sem þess óska hafi aðgang að bóluefni þegar framboð verður fullnægjandi.

Er hægt að treysta bóluefni sem er þróað á svo stuttum tíma?

- Mjög miklum peningum var veitt í að þróa þau. Venjulega þurfa þeir sem þróa bóluefni á fyrstu stigum að sækja endurtekið um fjármagn fyrir næsta skref, en svo var ekki í þessu tilviki.
- Lyfjastofnanir sem ákveða hvort lyf fara á markað hafa fylgst með rannsóknum á meðan þær voru í gangi til að hægt væri að benda strax á hvar þyrfti meiri vinnu jafnóðum og til að styttri tíma tæki að fara yfir umsókn þegar rannsóknir kláruðust.
- Bóluefnin hafa þannig fengið forgangsmeðferð lyfjastofnana til að flýta fyrir markaðssetningu en sömu grundvallarkröfur voru gerðar til rannsókna og almennt gilda um bóluefni.

- Vegna rannsókna á SARS veirunni í byrjun þessarar aldar var búið að finna út að ákveðið prótín (S-prótín) væri líklega mikilvægast fyrir ónæmiskerfið okkar til að þekkja kórónaveirur. Því þurfti ekki að byrja á rannsóknum á því hvaða hluta kórónaveirunnar ætti að ráðast gegn með bóluefni
- Þau COVID-19 bóluefni sem eru nú þegar komin á markað í Evrópu byggja á nýlegri tækni sem flýttir mikið fyrir þróunarferlinu umfram venjuleg bóluefni. Hefðbundin bóluefni hafa flest byggt á því að búa til mikið magn af sýkli sem er síðan notaður heill eða að hluta til í bóluefni. Oft fylgja slíku framleiðsluferli mörg skref til að losna við óæskilega þætti sýkils og tefur það þróun og oft einnig framleiðslu þegar þróun er lokið.

Molar...

- Minnum á að fundargerðir Sveitarstjórnar koma inn á vef sveitarfélagsins, í flestum tilvikum strax að loknum fundi og fundargögn daginn eftir. -Flýtleið á fundargerðir má finna neðst á heimasíðunni.
- Allir einstaklingar sem greiða sorpurðunargjald hafa þar með greitt fyrir urðun á 6 m³ af sorpi sem skila má á ruslasvæði sveitarfélagsins í Árnesi eða Brautarholti. Klippikort íbúa eru staðsett hjá starfsmönnum ruslasvæðanna og má nálgast þau þar þegar farið er með rusl. Klippikort sumarhúsaeigenda eru hinsvegar enn send heim til eigenda sumarhúsa.
- Ef þér liggur eitthvað á hjarta má endilega senda inn pistil í þetta fréttabréf, hann þarf að berast fyrir 5. Hvers mánaðar á netfangið hronn@skeidgnup.is